



HÉRAÐSDÓMUR  
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

12. apríl 2024

Mál nr. E-4067/2023:  
Stefnandi: Aðalsteinn Kjartansson  
(*Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður*)  
Stefndi: Páll Vilhjálmsson  
(*Sigurður G. Guðjónsson lögmaður*)  
Réttargæslustefndi: Árvakur hf.  
(*enginn*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 2024 í máli nr. E-4067/2023:

**Aðalsteinn Kjartansson**

*(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)*

**gegn**

**Páli Vilhjálmsyni og til réttargæslu**

*(Sigurður G. Guðjónsson lögmaður)*

**Árvakri hf.**

*(enginn)*

Mál þetta, sem var dómtekið 18. mars 2024, var höfðað gegn stefnda 22. júní 2023 en gegn réttargæslustefnda 14. júní 2023.

Stefnandi er Aðalsteinn Kjartansson, [...].

Stefndi er Páll Vilhjálmsson, [...].

Réttargæslustefndi er Árvakur hf., Hádegismóum 2 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefnda um stefnanda, sem birtust á vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson), Tilfallandi athugasemdir, með eftirgreindum hætti, verði dæmd dauð og ómerk:

1. 2. apríl 2022:
  - „Verðlaunin fengu þeir fyrir fréttir sem aflað var með glæpum, byrlun og gagnastuldi.“
  - „...og Aðalsteinn Kjartansson á Stundinni eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.“
2. 25. ágúst 2022:
  - „Leikritið um að Aðalsteinn ynni á Stundinni, en ekki RÚV, var hluti af samráði um að byrja og stela til að ná í fréttir.“
3. 28. október 2022:
  - „Aðalsteinn er þrautþjálfaður í blekkingum.“
  - „Aðalsteinn var sendur á Stundina til að taka við þýfinu og koma í umferð.“
  - „Engin rannsóknarvinna fór fram, aðeins byrlun og stuldur.“
4. 15. febrúar 2023:
  - „Fimm blaðamenn RÚV og Heimildarinnar, áður Stundin og Kjarninn, fá birta ákæru næstu tvær vikurnar vegna aðildar að byrlun, gagnastuldi, stafrænu kynferðisofbeldi og broti á friðhelgi tveggja starfsmanna Samherja, Páls

Steingrímssonar og Örnur McClure. Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari lögreglunnar á Norðurlandi eystra staðfesti í viðtali við danska blaðamanninn Lasse Skytt að ákærur yrðu birtar fyrir lok mánaðar.“

- „Sjötti sakborningurinn er veika konan sem blaðamennirnir fengu til að byrja Páli, stela síma hans á meðan skipstjórinn var í öndunarvél og færa blaðamönnum sem biðu ránsfengsins á Efstaleiti...“
5. 27. febrúar 2023:
- „Nýr vitnisburður, og gögn sem styðja þá frásögn, sýna fram á að blaðamennirnir hafi tekið þátt í að skipuleggja byrlunina, verið með í ráðum þegar í upphafi.“
  - „Tölvupóstur sem staðfesta aðild blaðamanna að undirbúningi tilræðisins eru ekki lengur til. Þeim var eytt.“
  - „En það bráðlá á að Aðalsteinn færi yfir á Stundina til að vinna úr stolnum gögnum er kæmu á RÚV. Þá átti bara eftir að byrja skipstjóranum og stela síma hans þegar Aðalsteinn flutti blaðamennsku sína af RÚV yfir á Stundina.“
  - „Ef einhver þessara samskipta eru til á texta, t.d. í tölvupóstum, er líklegt að sú sönnun haldi fyrir dómi. Annars er um að ræða kringumstæðurök fyrir aðild blaðamanna að skipulagningu tilræðisins auk vitnisburðar.“
6. 21. mars 2023:
- „Það er einnig þekkt staðreynd að varaformaður BÍ, Aðalsteinn Kjartansson, var fluttur af RÚV á Stundina...“
  - „Rök standa til að blaðamenn hafi skipulagt byrlun gagnert til að komast yfir síma skipstjórans.“
  - „Tímenn notuðu þeir til að hylja slóðina, eyða gögnum.“
7. 22. mars 2023:
- „Blaðamennirnir voru vel meðvitaðir um að hafa framið alvarlegt lögbrot og kappkostuðu að eyða sönnunargögnum.“
  - „Blaðamenn RSK-miðla nýttu sér yfirburða stöðu sína og virðast hafa haft öll ráð veiku konunnar í hendi sér.“
8. 14. apríl 2023:
- „RSK-miðlar nýttu sér skotleyfið áður en það var gefið út. Þeir misnotuðu andlega veika konu til að byrja og stela.“

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefndu verði gert skylt að fjarlægja af vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson) þau ummæli sem dæmd verða dauð og ómerk, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 50.000 krónur á dag frá dómsuppsögu uns ummælin hafa verið fjarlægð.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að birta forsendur og dómsorð í málinu á vefsvæðinu [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson) innan 15 daga frá uppsögu dómsins að viðlögðum dagsektum, 50.000 krónum á dag fyrir hvern dag sem ekki er orðið við birtingu. Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 400.000 krónur til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins í tveimur fjölmiðlum.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur að fjárhæð 2.000.000 krónur, eða lægri fjárhæð að mati dómsins, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. apríl 2023 og til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefnandi hefur ekki uppi sérstakar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Réttargæslustefndi lætur málið ekki til sín taka og hefur ekki uppi dómkröfur.

## I

Stefnandi hefur starfað sem blaðamaður allt frá árinu 2010. Í fréttaumfjöllun í maí 2021 fjallaði hann ásamt öðrum blaðamönnum um svokallaða skæruliðadeild fyrirtækisins Samherja hf. Óumdeilt er að hluti þeirrar umfjöllunar byggðist á gögnum sem tilheyrðu Páli Steingrímssyni, en hann er einn þeirra sem kenndu sig við fyrrnefnda skæruliðadeild.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra hóf sakamálarannsókn sem beindist meðal annars að því hvort brotið hefði verið gegn 228. gr. og/eða 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar friðhelgi einkalífs Páls Steingrímssonar. Ágreiningslaust er að stefnandi er einn þeirra sem notið hefur stöðu sakbornings í þeirri rannsókn.

Stefndi mun hafa menntað sig sem blaðamaður en starfar sem menntaskólakennari. Hann hefur árum saman haldið úti bloggsíðu á vefsetri réttargæslustefnda. Á þeirri bloggsíðu hefur hann meðal annars fjallað um fyrrgreinda rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, en þau ummæli sem stefnandi krefst ómerkingar á og tekin eru upp hér að framan stafa úr slíkum færslum stefnda. Hin fyrsta sem um ræðir birtist 2. apríl 2022, en hin síðasta birtist rúmu ári síðar, þ.e. 14. apríl 2023.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi haft uppi tilhæfulausar fullyrðingar um stefnanda sem feli í sér stórfelldar ærumeiðingar í hans garð. Stefnandi sendi stefnda kröfubréf, dags. 27. mars 2023, þar sem stefnda var veittur kostur á að biðjast afsökunar og draga ummæli sín til baka. Jafnframt var krafist miskabóta úr hendi stefnda. Stefndi varð ekki við þeirri kröfu.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi aðilaskýrslu. Þá gaf skýrslu vitnið Páll Steingrímsson, en hann hefur starfað sem skipstjóri hjá Samherja hf. og nýtur stöðu brotþola í fyrrgreindri rannsókn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

## II

Stefnandi byggir á því að stefndi sé ekki fjölmiðlamaður í hefðbundnum skilningi þess orðs en titli sig engu að síður sem blaðamann á vefsvæði sínu. Það vefsvæði tilheyri vef sem réttargæslustefndi eigi og reki, en hann sé fjölmiðill og efni á vefsíðunni sé birt á vef réttargæslustefnda, www.mbl.is. Því megi færa rök fyrir því að um vefinn blog.is og vefsíðu stefnda gildi ákvæði laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Sé því um ábyrgð stefnda aðallega byggt á ábyrgðarreglum 51. gr. þeirra laga.

Til vara sé byggt á því að um ábyrgð stefnda á ummælunum fari eftir almennum reglum, þ.e. almennum reglum um refsí- og fébótaábyrgð.

Hver og ein ummæli stefnda sem tekin séu orðrétt upp í kröfugerð stefnanda séu ærumeiðandi í garð stefnanda og beri af þeim sökum að ómerkja þau.

Ummæli 2. apríl 2022 hafi verið eftirfarandi:

„Verðlaunin fengu þeir fyrir fréttir sem aflað var með glæpum, byrlun og gagnastuldi.“

„... og Aðalsteinn Kjartansson á Stundinni eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.“

Óumdeilt sé að stefndi hafi ritað ummælin. Enginn vafi sé heldur á því að ummælin hafi beinst að stefnanda. Ummælin hafi stefndi ritað í tengslum við umfjöllun um að stefnandi hafi hlotið verðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir umfjöllun sína um eignir og eignatengsl íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja og skæruliðadeild Samherja. Með ummælunum hafi stefndi sakað stefnanda um að eiga aðild að byrlun og stuldi á síma Páls Steingrímssonar. Þær fullyrðingar stefnda séu alvarlegar og með öllu ósannar. Ekkert í sakargögnum málsins styðji að þetta sé rétt, enda eigi fullyrðingin ekki við nein rök að styðjast, hvorki gögn í sakamálinu né annað. Þannig hafi stefndi fullyrt að stefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi sem varðar við ákvæði almennra hegningarlaga, einkum 217. gr., 218. gr., 244. gr. og 252. gr. laganna, og varði allt að 16 ára fangelsi. Með ummælunum hafi stefndi staðhæft að stefnandi hefði framið refsiverð afbrot og gerst sekur um alvarlega líkamsárás og þjófnað/rán, með því að byrta manni eitur í þeim tilgangi að stela síma viðkomandi. Þá hafi stefndi staðhæft að afbrotin hafi verið skipulögð og framin í félagi við aðra, sem leiði til refsipýngingar samkvæmt íslenskum lögum og aukið þannig við alvarleika ásakana stefnda í garð stefnanda. Þetta eigi sér enga stoð í raunveruleikanum. Ummæli stefnda séu því röng

og til þess fallin að meiða æru stefnenda. Þau varði við 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. einnig við 236. gr. laganna. Því beri að ómerkja þau með dómi.

Ummæli 25. ágúst 2022 hafi verið eftirfarandi:

„Leikritið um að Aðalsteinn ynni á Stundinni, en ekki RÚV, var hluti af samráði um að byrja og stela til að ná í fréttir.“

Með þessum ummælum hafi stefndi endurtekið fyrirvaralaus fullyrðingu sína um að stefnandi hefði tekið þátt í samsæri um að byrja Páli Steingrímssyni ólyfjan til þess að geta stolið síma hans í þeim tilgangi einum að búa til fréttir. Sömu málsástæður og áður séu raktar eigi við um þessi ummæli. Ummælin hafi auk þess að geyma tilhæfulausa fullyrðingu stefnda um að stefnandi hafi tekið þátt í leikriti um að flytja hann af RÚV yfir á fjölmiðilinn Stundina. Stefnandi hafi hætt störfum hjá RÚV um mánaðamótin apríl/maí 2021 af sjálfsdáðum og hafið störf á fjölmiðlinum Stundinni. Ástæður þess hafi verið persónulegar, stefnandi hafi um töluvert skeið haft hug á að skipta um vinnustað og hafi látið verða af því á þessum tímapunkti. Með ummælum sínum hafi stefndi fullyrt að þau vistaskipti hefðu verið hluti af samsæri. Fullyrðing stefnda sé röng, algerlega haldlaus og meiðandi fyrir stefnanda. Beri að ómerkja ummælin sem ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin varði einnig við 236. gr. laganna.

Ummæli 28. október 2022 hafi verið eftirfarandi:

„Aðalsteinn er þrautþjálfaður í blekkingum.“

„Aðalsteinn var sendur á Stundina til að taka við þýfinu og koma í umferð.“

„Engin rannsóknarvinna fór fram, aðeins byrlun og stuldur.“

Með þessum ummælum hafi stefndi endurtekið og ítrekað fyrirvaralaus fullyrðingu sína um að stefnandi hefði tekið þátt í samsæri um að byrja Páli Steingrímssyni ólyfjan til þess að geta stolið síma hans í þeim tilgangi einum að búa til fréttir, ásamt þeirri ósönnu fullyrðingu að vistaskipti stefnanda hefðu verið hluti af samsæri. Þá hafi stefndi haldið því fram að stefnandi væri þrautþjálfaður í blekkingum. Allt séu þetta ærumeiðandi ummæli, ekki síst fyrir blaðamann. Trúverðugleiki og heiðarleiki séu mikilvægir þættir í störfum blaðamanns. Fullyrðingar um að blaðamaður sé þrautþjálfaður í blekkingum og hafi tekið þátt í viðamiklu samsæri þannig að annarri manneskju hafi verið valdið heilsutjóni séu gríðarlega alvarlegar fullyrðingar. Sem fyrr segi viti stefndi eða megi vita að fullyrðingar hans hvað þetta varðar séu rangar og þær beri að ómerkja. Þau varði við 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga sem ærumeiðandi móðgun og aðdróttun. Ummælin varði einnig við 236. gr. laganna.

Ummæli 15. febrúar 2023 hafi verið eftirfarandi:

„Fimm blaðamenn RÚV og Heimildarinnar, áður Stundin og Kjarninn, fá birta ákæru næstu tvær vikurnar vegna aðildar að byrlun, gagnastuldi, stafrænu kynferðisofbeldi og broti á friðhelgi tveggja starfsmanna Samherja, Páls Steingrímssonar og Örnú McClure. Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari lögreglunnar á Norðurlandi eystra staðfesti í viðtali við danska blaðamanninn Lasse Skytt að ákæru yrðu birtar fyrir lok mánaðar.“

„Sjötti sakborningurinn er veika konan sem blaðamennirnir fengu til að byrja Páli, stela síma hans á meðan skipstjórinn var í öndunarvél og færa blaðamönnum sem biðu ránsfengsins á Efstaleiti...“

Með þessum ummælum hafi stefndi endurtekið og ítrekað fyrirvaralaus fullyrðingu sína um að stefnandi hefði tekið þátt í samsæri um að byrja Páli Steingrímssyni ólyfjan og stolið síma hans, sbr. það sem áður segi. Til að ljá þessum og öðrum ósönnum fullyrðingum sínum trúverðugleika hafi stefndi fullyrt með þessum ummælum, sem krafist sé ómerkingar á, að stefnanda yrði birt ákæra á næstu tveimur vikum, m.a. vegna byrlunar og stuldar á síma og það hefði Eyþór Þorbergsson, saksóknari hjá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, staðfest. Fyrir liggja aftur á móti staðfesting saksóknarans á því að ekkert væri hæft í þessum skrifum stefnda. Hér hafi því verið á ferð uppspuni, enda hafi engin ákæra verið birt stefnanda fyrir byrlun, stuld á síma eða nokkuð annað. Ummælin varði við 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga og einnig 236. gr. laganna.

Ummæli 27. febrúar 2023 hafi verið eftirfarandi:

„Nýr vitnisburður, og gögn sem styðja þá frásögn, sýna fram á að blaðamennirnir hafi tekið þátt í að skipuleggja byrlunina, verið með í ráðum þegar í upphafi.“

„Tölvupóstur sem staðfesta aðild blaðamanna að undirbúningi tilræðisins eru ekki lengur til. Þeim var eytt.“

„En það bráðlá á að Aðalsteinn færi yfir á Stundina til að vinna úr stolnum gögnum er kæmu á RÚV. Þá átti bara eftir að byrja skipstjóranum og stela síma hans þegar Aðalsteinn flutti blaðamennsku sína af RÚV yfir á Stundina.“

„Ef einhver þessara samskipta eru til á texta, t.d. í tölvupóstum, er líklegt að sú sönnun haldi fyrir dómi. Annars er um að ræða kringumstæðurök fyrir aðild blaðamanna að skipulagningu tilræðisins auk vitnisburðar.“

Með þessum ummælum hafi stefndi bætt í fyrri ummæli sín og haldið því fram að komin væru fram ný gögn í málinu sem beinlínis sýndu fram á að stefnandi og aðrir

blaðamenn hefðu skipulagt að byrja Páli Steingrímssyni og skipulagt þann verknað frá upphafi. Hins vegar sé búið að eyða tölvupóstum sem sanni þetta. Þessar fullyrðingar séu alvarlegar og með öllu tilhæfulausar. Engin gögn séu í sakamálinu sem svo mikið sem gefi í skyn, hvað þá sýni fram á, að stefnandi hafi skipulagt byrlun. Engum tölvupóstum hafi heldur verið eytt.

Þá hafi stefndi endurtekið ummæli sín um að stefnandi hefði verið fluttur eins konar hreppaflutningum af RÚV yfir á annan fjölmiðil til að vinna verknaðinn. Þar með sé gefið í skyn, eða beinlínis fullyrt, að stefnandi hafi tekið þátt í því að byrja Páli Steingrímssyni og stela síma hans.

Loks hafi stefndi fullyrt að ef einhver samskipti séu til á texta, sem þau sannarlega séu ekki, þá haldi sú sönnun, en ef ekki, þ.e. ef engin gögn séu til um þá meintu háttsemi sem stefndi hafi gefið stefnanda að sök, þá væru svokölluð „kringumstæðurök“ fyrir aðild stefnanda og annarra að verknaðinum. Stefnandi leggi þann skilning í þetta hugtak að átt sé við enska hugtakið „circumstantial evidence“ sem séu sönnunargögn sem ekki sýni beint fram á verknað eða háttsemi en dómari geti dregið ákveðnar ályktanir af, þ.e. óbein sönnun. Með þessari fullyrðingu sé því haldið fram af stefnda að stefnandi sé viðriðinn byrlun og stuld á síma þótt engin gögn í málinu sýni fram á það. Allt framangreint sé ærumeiðandi ummæli í skilningi 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga og beri að ómerkja.

Ummæli 21. mars 2023 hafi verið eftirfarandi:

„Það er einnig þekkt staðreynd að varaformaður BÍ, Aðalsteinn Kjartansson, var fluttur af RÚV á Stundina...“

„Rök standa til að blaðamenn hafi skipulagt byrlun gagnert til að komast yfir síma skipstjórans.“

„Tímenn notuðu þeir til að hylja slóðina, eyða gögnum.“

Með framangreindum ummælum hafi stefndi endurtekið þá fullyrðingu að stefnandi hefði verið fluttur, í stóru skipulögðu ráðabruggi, úr vinnu sinni yfir á aðra. Ummælin séu röng og meiðandi fyrir stefnanda. Jafnframt hafi stefndi endurtekið fullyrðingu sína um að blaðamenn, þar á meðal stefnandi, hafi skipulagt byrlun gegn Páli Steingrímssyni. Enn fremur hafi verið fullyrt af stefnda að blaðamenn, þar á meðal stefnandi, hafi notað tímenn fram að því er tekin hafi verið skýrsla af honum í málinu til að hylja slóð og eyða gögnum. Ummælin séu röng og ærumeiðandi og beri að ómerkja þau öll með vísan til bæði 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga, en einnig 236. gr. laganna.

Ummæli 22. mars 2023 hafi verið eftirfarandi:

„Blaðamennirnir voru vel meðvitaðir um að hafa framið alvarlegt lögbrot og kappkostuðu að eyða sönnunargögnum.“

„Blaðamenn RSK-miðla nýttu sér yfirburða stöðu sína og virðast hafa haft öll ráð veiku konunnar í hendi sér.“

Framangreind ummæli feli í sér fullyrðingar um að blaðamennirnir sem stefndi hafi ítrekað vísað til, þar á meðal stefnandi, hafi verið sér vel meðvitaðir um að þeir hafi ætlað sér að fremja alvarlegt lögbrot og kappkostað að eyða um það sönnunargögnum. Með þessum ummælum hafi stefndi tekið af allan vafa um að öll framangreind ummæli hans feli í sér ásakanir í garð stefnanda um að hann hafi vísvitandi framið alvarlegt lögbrot. Geti því ekki leikið nokkur vafi á því að ummæli stefnda séu fullyrðingar um staðreyndir, fullyrðingar þess efnis að stefnandi hafi framið alvarlegan glæp af ásetningi og ekki það einasta heldur og eyðilagt sönnunargögn. Þessi ummæli sem og önnur séu ærumeiðandi aðdróttanir í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga, sem og 236. gr. laganna, og beri að ómerkja, enda röng og ekkert sem styðji þau.

Þá hafi stefndi fullyrt að blaðamenn, þar á meðal stefnandi, hefðu nýtt sér stöðu sína og haft ráð veikrar konu í hendi sér. Með því hafi verið vísað til tiltekinnar konu sem muni hafa réttarstöðu sakbornings í málinu vegna ætlaðrar byrlunar og stuldar á síma. Umrædda konu hafi stefnandi aldrei hitt og þekki hana ekki neitt. Ummælin séu ærumeiðandi aðdróttun um að stefnandi hafi nýtt sér bágt andlegt ástand konu í annarlegum tilgangi. Þau ummæli beri að ómerkja, sbr. 234. og 235. gr. almennra hegningarlaga.

Ummæli 14. apríl 2023 hafi loks verið eftirfarandi:

„RSK-miðlar nýttu sér skotleyfið áður en það var gefið út. Þeir misnotuðu andlega veika konu til að byrja og stela.“

Framangreind ummæli séu í ætt við önnur sem reifuð hafa verið. Um sé að ræða fullyrðingu þess efnis að stefnandi, í slagtogi við aðra, hafi misnotað andlega veika konu og fengið hana til byrlunar og þjófnaðar. Ummælin séu röng og meiðandi fyrir stefnanda og beri að ómerkja þau, sbr. 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Kröfu sína um ómerkingu allra hinna tilvitnuðu ummæla byggi stefnandi á ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 3. tölulið 242. gr. laganna sé heimilt að gera slíka kröfu í einkamáli.

Framangreindar málsástæður, saman og einar og sér, leiði til þess að ómerkja beri umrædd ummæli.

Hvað varði þá kröfu að stefnda verði gert skylt að fjarlægja ummæli sín af umræddri vefsíðu, þá megi ljóst vera að ummælin séu þar fyrir tilverknað stefnda sem

geti fjarlæggt ummælin og beri að gera það verði þau dæmd dauð og ómerk, því ella fái þau að standa þar óáreitt. Mjög skaðlegt sé fyrir stefnanda að ummælin séu þarna inni og sé þess krafist að dagsektum verði beitt til að skylda stefnda til að fjarlægja ummælin, 50.000 krónum á dag frá dómsuppsögu, fyrir hvern dag sem líði án þess að ummælin séu fjarlægð. Að öðrum kosti fái ummælin að standa óhreyfð sem sé óásættanlegt fyrir stefnanda.

Fallist dómurinn á að ákvæði laga nr. 38/2011 eigi við í málinu sé gerð sú krafa að stefndi verði dæmdur að viðlögðum dagsektum til þess að birta forsendur og dómsorð á svæði sínu, sem hann hafi til umráða á vefnum [www.blog.is](http://www.blog.is). Styðjist sú krafa við ákvæði 59. gr. þeirra laga.

Verði ekki talið að ábyrgð stefnda verði reist á fjölmiðlalögum heldur almennum reglum laga sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæð til að standa straum af birtingunni, sbr. 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Stefndi telji fullt tilefni til að verða við kröfunni, enda um víðlesin ummæli að ræða.

Hvað varði kröfu stefnanda um miskabætur, sem byggist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þá byggir hann á því að með ummælum stefnda hafi með sérstaklega grófum hætti verið vegið að æru og persónu stefnanda og ekki síst starfsheiðri. Um sé að ræða ólögmetta meingerð. Stefndi hafi lengi starfað sem blaðamaður. Trúverðugleiki sé blaðamönnum afar dýrmætur. Stefndi hafi einsett sér að skaða bæði æru stefnanda og persónu, sem og trúverðugleika hans sem blaðamanns, með tilhæfulausum og ósönnum fullyrðingum án nokkurs fyrirvara. Hafi stefndi raunar sett fullyrðingar sínar fram gegn betri vitund. Þá hafi hann vísað til gagna úr lögreglurannsókn um málið með röngum hætti og gert það vísvitandi. Lýsi þetta einbeittum ásetningi til að fremja stórfellt ærumeiðingabrot, sem kalli á háar miskabætur. Vefsíða stefnda virðist nokkuð mikið lesin. Samkvæmt mælingum sem finna megja á síðunni sjálfri líti þar við minnst á annað þúsund netnotendur á dag. Þetta feli í sér að um er að ræða töluvert mikla útbreiðslu hinna ærumeiðandi ummæla, sem taka beri tillit til við ákvörðun miskabóta.

Um dráttarvexti sé vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Um upphafstíma vaxta sé vísað til þess að kröfubréf var sent stefnda 27. mars 2023 og beri krafan dráttarvexti 30 dögum frá dagsetningu kröfubréfs, sbr. 9. gr. laganna.

### III

Eins og áður segir lætur réttargæslustefndi málið ekki til sín taka. Það gerir stefndi aftur á móti og byggir á því að hann hafi ekki með skrifum sínum um stefnanda í „Tilfallandi athugasemdum“ farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis, sem hann njóti samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu og því ekki brotið gegn einkalífsréttindum stefnanda, sem einnig njóti verndar stjórnarskrár og

mannréttindasáttmála Evrópu. Þessu til stuðnings sé bent á að í dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu hafi mótast viðmið og reglur sem beita beri við úrlausn um það álitafni hvort með tjáningu, þ.e. skrifum, munnlegum ummælum eða á annan hátt, hafi verið brotið gegn einkalífsrétti, svo sem æruvernd. manns eða manna með aðdróttunum í skilningi 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af framangreindum viðmiðum og reglum leiði í fyrsta lagi að heimildir til skerðingar tjáningarfrelsis samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þær sem sé að finna í æruverndarákvæðum 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, beri að skýra þröngt, og allar takmarkanir þurfi að grundvallast á nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi.

Af framangreindum viðmiðum og reglum leiði í öðru lagi að gæta beri meðalhófs við úrlausn þess hvort skorður á tjáningarfrelsi teljist þjóðfélagsleg nauðsyn. Af því leiði að umræða um mikilvæg þjóðfélagsmál njóti ríkari tjáningarfrelsisverndar.

Af framangreindu leiði að almennt séu líkur til þess að efni ummæla um mikilvæg þjóðfélagsmál teljist framlag til opinberrar umræðu og verði ekki kæfð með kröfum um ómerkingu vegna æruverndar þess eða þeirra sem hana þurfa að þola.

Af hinu rýmkaða tjáningarfrelsi í opinberri umræðu leiði í þriðja lagi að einstaklingar sem haslað hafa sér völl á þeim vettvangi verði að þola harðari ummæli um sig en hinn almenni borgari. Einkalífsréttur og æruvernd opinberra persóna sé takmarkaðri og en æruvernd hins almenna borgara.

Stefndi byggi á því að öll skrif hans, sem stefnandi krefjist ómerkingar á í máli þessu, séu þjóðfélagslega mikilvæg og varði stefnanda sem þjóðþekktan rannsóknarblaðamann, opinbera persónu, þ.e. rannsóknarblaðamann sem ekki hafi hikað við að fullyrða í Kveikspætti, sem sýndur hafi verið á Ríkisútvarpinu 12. nóvember 2019, að forsvarsmenn Samherja hf. hafi mútað stjórnámálamönnum í Namibíu til að komast yfir fiskveiðiheimildir ríkisins og notað norskan ríkisbanka við brotastarfsemi sína. Stefnandi og aðrir blaðamenn, sem komið hafi að gerð Kveikspáttarins og skrifa í Stundina og á Kjarnann um mútubrot og fleiri afbrot forsvarsmanna Samherja hf., hafi ekki verið að segja fréttir heldur vekja umræðu byggða á sérvöldum og veikum heimildum. Stefnandi hafi því mátt búast við óvæginni umræðu.

Páll Steingrímsson, skipstjóri hjá Samherja hf., hafi verið einn af nokkrum starfsmönnum félagsins, sem opinberlega hafi gripið til varnar fyrir vinnuveitanda sinn vegna atlögu stefnanda og fleiri blaðamanna að vinnuveitanda hans í kjölfar Kveikspáttarins 12. nóvember 2019. Engu skipti fyrir mál þetta þótt Páll Steingrímsson hafi ekki ávallt skrifað frá orði til orðs það sem hann birti í eigin nafni og bar ábyrgð á.

Stefndi bendi á að stefnandi hafi skrifað grein í Stundina 21. maí 2021, sem hafi átt að afhjúpa „Skæruliðadeild“ Samherja hf. Stefndi hafi látið af störfum fréttamanns hjá Ríkisútvarpinu nokkru áður. Grein stefnanda í Stundinni byggist á gögnum sem aflað hafi verið með broti gegn einkalífsrétti Páls Steingrímssonar, brotum sem falið hafi í sér hnýsni, afritun gagna sem hafi verið í síma Páls Steingrímssonar, sem tekinn hafi verið úr vörslum hans með ólögætum hætti eftir byrlun. Sú háttsemi að afrita og birta gögn úr síma Páls Steingrímssonar hafi falið í sér brot gegn einkalífsrétti hans sem verndaður sé af 228. gr. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Stefndi bendi á að hvorki almanna- né einkahagsmunir hafi kallað á birtingu og dreifingu gagna úr síma Páls Steingrímssonar, sem fengin hafi verið með ólögætri afritun símans.

Stefndi byggir á því að skrif hans í „Tilfallandi athugasemdum“ í átta skipti á tímabilinu 2. apríl 2022 til 14. apríl 2023, þar sem stefnandi sé nafngreindur, eigi rót sína að rekja til þeirrar skjaldborgar sem hópur innan Bláðamannafélags Íslands hafi ákveðið að slá um stefnanda og fleiri blaðamenn með því að verðlauna þá fyrir fréttir byggðar á stolnum gögnum.

Tjáningarfrelsi stefnda sem samfélagsrýnis og blaðamanns, sem skrifi um málefni út frá fréttum, verði aðeins takmarkað að fullnægðum þeim viðmiðum og reglum sem að framan hafa verið raktar og sérstaklega verði að horfa til 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki sannað eða gert sennilegt að knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn kalli á að skrif hans um skrif og gerðir stefnanda, sem sé opinber persóna, kalli á að tjáningarfrelsi stefnda verði heft; þaggað verði niður í stefnda eins og stefnandi reyni með málsókn þessari.

Stefndi hafni því með öllu að hann hafi með skrifum sínum í „Tilfallandi athugasemdum“ um stefnda 2. apríl 2022, 25. ágúst 2022, 28. október 2022, 15. febrúar 2023, 27. febrúar 2023, 21. mars 2023, 22. mars 2023 og 14. apríl 2023 brotið gegn 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Allar „Tilfallandi athugasemdir“ stefnda, þar sem nafn stefnanda komi fyrir, varði gerðir hans, framgöngu og vinnubrögð sem blaðamanns, og geymi aðeins lýsingu á því hvernig stefnandi og fleiri blaðamenn sem berir hafi orðið að slægum vinnubrögðum bregðist við þegar upp um það komist og leiti þá allra leiða til að bjarga eigin skinni, eins og birting Stundarinnar og Kjarnans 21. maí 2021 á greinum um skæruliðadeild Samherja hf. sé glöggt dæmi um.

Stefndi byggir á því að staða hans sé áþekkt stöðu starfsfélaga stefnanda, sem fjallað hafi verið um í dómi Landsréttar 17. desember 2021 í máli nr. 633/2020. Með sömu rökum og beitt hafi verið í þeim dómi, um að umræða um ofbeldi væri svo brýn að fréttamaður gæti fullyrt um ofbeldisbrot fjarstadds almúgamanns í ríkissjónvarpinu, megi fullyrða að hvassyr umræða um trúverðugleika fjölmiðla og óvönduð vinnubrögð

blaðamanna sé knýjandi til að viðhalda upplýstu og lýðræðislegu samfélagi, þar sem opin og frjálsa umræðu um öll þjóðfélagslega mikilvæg mál fái þrífist.

Málshöfðun stefnanda eigi sér enga lagastoð. Tilfallandi athugasemdir stefnda, þar sem þær setningar og orð sé að finna sem stefnandi vilji fá ómerkt, eigi rót sína að rekja til gerða og skrifa stefnanda sjálfs. Stefnandi hafi sakað mann og annan um alvarlega glæpi án þess að hafa fyrir þeim ásökunum nokkra haldbæra heimild og hafi frá 14. febrúar 2022 sætt opinberri rannsókn vegna birtingar gagna úr stolnum síma.

Skrif stefnda um stefnanda og aðra blaðamenn sem hafa stöðu sakborninga við rannsókn á byrlun Páls Steingrímssonar, stuldi á farsíma hans, afritun símans og birtingu fréttu byggðum á stolnum gögnum geti að sumu leyti talist staðhæfingar um staðreyndir en að sumu leyti gildisdómar. Í raun breyti sú flokkun þó ekki miklu þegar opinber persóna eigi í hlut og þegar málefnið sé brýnt, sbr. fyrrgreindan dóm Landsréttar í máli nr. 633/2020 og dóm Hæstaréttar 9. febrúar 2022 í máli nr. 38/2021, þar sem komi fram að gildisdómar séu skilgreindir „fremur rúmt og þess heldur ef viðfangsefnið telst vera liður í almennri þjóðfélagsumræðu“. Við mat á því hvort skrif hans um stefnanda feli í sér gildisdóma eða staðhæfingu um staðreynd verði að horfa til málsatvika heildstætt.

Í „Tilfallandi athugasemdum“ hafi stefndi ekki gert neitt annað en að vekja athygli annars vegar á þeirri þögn sem verið hafi í fjölmiðlum um meint brot stefnanda, auk starfsmanna Ríkisútvarpsins og Kjarnans, gegn hagsmunum Páls Steingrímssonar, og hins vegar þeim tvískinnungi sem gætir hjá forystu Blaðamannafélags Íslands að veita blaðamönnum, sem sitji á sakamannabekk vegna meintrar refsiverðrar hnýsni og afritunar gagna, verðlaun fyrir að nota illa fengin gögn, án þess að skeyta nokkru um afleiðingar gerða sinna fyrir þá sem gögnin hafi tilheyrt. Skrif stefnda séu í raun til varnar ofbeldi fjölmiðlamanna gegn brotaþola refsiverðrar háttsemi. Ekki skipti máli þótt það liggi ekki fyrir svart á hvítu hverjir hafi verið höfuðþaurar í að stela síma Páls Steingrímssonar, afrita gögn úr símanum og birta í þeim tilgangi að mála sjálfa sig upp sem fórnarlömb í baráttu við stórfyrirtæki.

Skrif stefnda í „Tilfallandi athugasemdum“ hafi verið hvöss annars vegar vegna hinnar æpandi þagnar fjölmiðla um alvarleika brota gegn Páli Steingrímssyni og hins vegar vegna tvískinnungs Blaðamannafélags Íslands, sem hampað hafi stefnanda og félögum fyrir rannsóknarblaðamennsku byggða á sandi, eins og reyndin hafi verið með Kveikspátt 12. nóvember 2019. Tilfallandi athugasemdir stefnda séu liður í opinni samfélagslegri umræðu um störf blaðamanna, heilindi þeirra og virðingu fyrir eigin siða- og vinnureglum.

Stefnandi sé blaðamaður og verði að þola hvöss ummæli og staðhæfingar, enda hafi hann ekki hikað við að setja hvöss ummæli fram í eigin starfi. Allt sem stefndi hafi sagt og skrifað í blogg færslum sínum, og gögn liggi fyrir um í máli þessu, sé innan

marka þess tjáningarfrelsis sem stjórnarskrá og mannréttindasáttmáli Evrópu tryggja öllum. Tjáningarfrelsi sé grunnstoð lýðræðis og nái því ekki aðeins til upplýsinga og hugmynda sem taldar séu hagfelldar, heldur einnig til þeirra sem geti verið móðgandi, stuðandi eða sett fólk úr jafnvægi.

Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í stefnu.

Hvað sem öðru líði sé fjárhæð miskabótakröfu fjarstæðukennd og í engu samræmi við dómvenju í meiðyrðamálum. Stefndi mótmæli því sem órökstuddri fjárhæð miskabótakröfunnar og jafnframt upphafstíma dráttarvaxta. Fari svo ólíklega að kröfur stefnanda um ómerkingu ummæla, eins og þær séu settar fram í stefnu, verði í heild eða að hluta teknar til greina og stefnandi talinn eiga rétt á miskabótum beri að dæma dráttarvexti frá dómsuppsögudegi, eins og heimilt sé samkvæmt lokamálslið 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Upphaflega byggði stefndi einnig á því að hann hafnaði því að hann væri fjölmiðill þannig að um hugsanlega ábyrgð hans gagnvart stefnanda gæti einungis farið samkvæmt almennum reglum um æruvernd sem væri að finna í almennum hegningarlögum og lögum um skaðabætur að því er miskabótakröfu varði. Undir rekstri málsins bókaði lögmaður stefnda að fallið væri frá þeirri málsvörn. Í bókun lögmannsins fólst jafnframt að stefndi hafnar því ekki lengur, verði fallist á kröfur stefnanda um ómerkingu ummæla stefnda, að stefnda verði gert að fjarlægja þau ummæli af bloggsíðu sinni að viðlögðum dagsektum. Aftur á móti sé viðmiðið um 50.000 króna dagsektir allt of hátt.

#### IV

#### A

Aðilar deila um það hvort ummæli stefnda, sem tekin eru orðrétt upp í kröfugerð stefnanda hér að framan, rúmist innan tjáningarfrelsis stefnda sem varið er af 73. gr. stjórnarskrárinnar eða feli í sér ærumeiðandi móðganir eða aðdróttanir, sbr. 234. gr., 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefndi starfar ekki sem blaðamaður en ritar blogg færslur sem birtast á vefsíðu fjölmiðils réttargæslustefnda. Í kjölfar bókunar lögmanns stefnda við upphaf aðalmeðferðar er ekki lengur um það deilt í málinu að um bloggsíðu stefnda gildi ábyrgðarreglur laga nr. 38/2011, sbr. einnig til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 17. desember 2015 í máli nr. 239/2015.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011 ber einstaklingur ábyrgð á því efni sem hann ritar í eigin nafni eða merkir sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Stefndi ritar á bloggsíðuna í eigin nafni og er þar skýrlega merktur sem höfundur hinna umþrættu ummæla. Deilir hann ekki um að þau séu rétt höfð eftir honum í kröfugerð stefnanda.

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 38/2011 er eftir kröfu þess sem misgert er við unnt að fá dóm um að birta skuli, að viðlögðum dagsektum, dómsorð og forsendur dóms ef ómerkt eru ummæli sem birst hafa á slíkum miðli.

## B

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar, sbr. 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar en hann verður að ábyrgjast þær fyrir dómi, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Tjáningarfrelsinu má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær takmarkanir nauðsynlegar og samræmast lýðræðishefðum, sbr. 3. mgr. greinarinnar. Tjáningarfrelsið nýtur jafnframt verndar 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Friðhelgi einkalífs nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Æra og mannorð eru þættir í einkalífi manna sem njóta verndar samkvæmt ákvæðunum.

Í athugasemdum með 9. og 11. gr. frumvarps til stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, sem færðu ákvæði 71. og 73. gr. stjórnarskrár í það horf sem þau nú eru, var lýst því markmiði að færa ákvæðin til samræmis við efni 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Verður við skýringu þessara stjórnarskrárákvæða jafnframt litið til úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu um inntak réttindanna og takmarkanir sem þeim eru settar.

Í þeim ákvæðum almennra hegningarlaga, sem stefnandi vísar til, eru fólgnar heimildir til að setja tjáningarfrelsi skorður í þágu réttinda annarra, svo sem tilgreint er í 3. mgr. 73. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans.

Í 234. gr. almennra hegningarlaga er því lýst sem refsiverðu athæfi að meiða æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum eða að bera slíkt út. Í 235. gr. sömu laga er því lýst sem refsiverðu athæfi að drótta að öðrum manni einhverju því sem verða myndi virðingu hans til hnekkis eða bera slíka aðdróttun út. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 236. gr. sömu laga er refsivert að bera slíka aðdróttun út opinberlega eða gegn betri vitund. Þá er eftir 1. mgr. 241. gr. laganna unnt að dæma í meiðyrðamáli óviðurkvæmileg ummæli ómerk að kröfu þess sem misgert er við. Ekki er skilyrði fyrir ómerkingu að sakfellt hafi verið fyrir brot samkvæmt öðrum ákvæðum XXV. kafla laganna.

Loks er í b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga að finna heimild til þess að gera þeim sem ábyrgð ber á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns að greiða miskabætur til þess sem misgert er við.

## C

Við flutning málsins byggði lögmaður stefnda meðal annars á þeirri málsástæðu að hvað sem liði málatilbúnaði stefnanda um ummæli þar sem stefnandi væri nafngreindur, þá kæmi ekki til greina að dómurinn féllist á ómerkingarkröfu vegna þeirra ummæla þar sem stefnandi væri á hinn bóginn ekki sérstaklega nafngreindur, enda beindust þau þá ekki að stefnanda. Í kröfugerð stefnanda í máli þessu segir að krafist sé ómerkingar nánar tiltekinna ummæla „stefnda um stefnanda“. Rétt eins og lögmaður stefnanda benti á við málflutning er því ekki mótmælt í greinargerð stefnda að hin umþrættu ummæli varði stefnanda. Þvert á móti segir beinlínis í greinargerðinni að „öll skrif“ stefnda, sem krafist sé ómerkingar á í máli þessu, teljist þjóðfélagslega mikilvæg og „varði stefnanda“ sem þjóðþekktan einstakling. Þar sem staðhæfingum stefnanda í stefnu um að ummælin beinist öll að honum er ekki mótmælt í greinargerð stefnda ber að líta svo á að fyrrgreind röksemd, sem lögmaður stefnda hafði fyrst uppi við málflutning, teljist síðbúin málsástæða sem ekki komi til skoðunar við úrlausn málsins, enda var stefnda í lófa lagið að byggja frá upphafi á þessari málsvörn, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber því að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að öll ummælin sem krafist er ómerkingar á í stefnu feli í sér tilvísun til stefnanda, ýmist sem einstaklings eða sem hluta af stærri hópi blaðamanna. Í öllu falli styður samhengi ummælanna hverju sinni þá ályktun. Að því marki sem dómurinn kann að fallast á ómerkingu einstakra ummæla stefnanda ber þó einungis að skilja það sem ómerkingu þeirra að því er þau varða stefnanda, en ekki aðra einstaklinga sem ekki eiga aðild að málinu.

Fallist verður á það með stefnda að þau ummæli sem málið varðar hafi verið látin falla í tengslum við opinbera þjóðfélagsumræðu, sem varðaði meðal annars trúverðugleika fjölmiðla og vinnubrögð blaðamanna, einkum meinta ábyrgð fjölmiðla og blaðamanna í tengslum við notkun og birtingu upplýsinga, sem þeim höfðu borist en voru mögulega illa fengnar. Í dómaframkvæmd hafa slík atriði verið talin leiða til rýmkaðs tjáningarfrelsis, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 1. júní 2006 í máli nr. 541/2005. Það þýðir þó ekki að stefndi hafi mátt haga ummælum sínum með hverjum þeim hætti sem hann vildi. Verður nú nánar vikið að einstökum ummælum stefnda um stefnanda og fjallað um það hvort þau varði við fyrrgreind ákvæði almennra hegningarlaga.

Í fyrri hluta 1. töluliðar kröfugerðar stefnanda er vísað til ummæla stefnda um að blaðamannaverðlaun hafi stefnandi og aðrir fengið fyrir fréttir „sem aflað var með glæpum, byrlun og gagnastuldi“. Þessi ummæli ein og sér tilgreina ekki hvort það hafi verið blaðamennirnir sjálfir eða þriðji maður, svo sem heimildarmaður þeirra, sem sýndi af sér þá refsiverðu háttsemi sem þarna er lýst. Fyrir dómi bar vitnið Páll Steingrímsson, en hann nýtur stöðu brotþola við rannsókn fyrrgreinds sakamáls, að nafngreind kona

hefði viðurkennt fyrir sér að hún hefði byrjað honum ólyfjan og að hann teldi hana hafa afritað gögn af farsíma hans og komið til fjölmiðlamanna. Síðar hefðu verið fluttar fréttir sem ritaðar hefðu verið á grundvelli þeirra upplýsinga. Eins og rakið er hér að framan er óumdeilt í málinu að fréttáflutningur stefnanda, sem hann hlaut verðlaun fyrir, byggðist að hluta til á gögnum sem tilheyrðu Páli Steingrímssyni.

Að öllu þessu virtu var stefnanda að mati dómsins heimilt að halda því fram í bloggfærslu sinni að fréttáflutningur blaðamannanna hefði byggst á upplýsingum sem aflað hefði verið með refsiverðum hætti, enda skiptir hér sköpum að í ummælunum er ekki staðhæft að blaðamennirnir sjálfir hafi átt hlut að máli við refsiverða öflun upplýsinganna. Stefndi hefur einmitt skýrt ummælin þannig að hann hafi gagnrýnt að blaðamenn væru verðlaunaðir fyrir fréttir byggðar á stolnum gögnum. Enda þótt djúpt hafi verið tekið í árinna með ummælunum teljast þau rúmast innan stjórnarskrárvarins tjáningarfrelsis stefnda og verða ekki ómerkt með dómi, enda verða dómstólar að gæta varfærni og ómerkja ekki ummæli umfram það sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu samfélagi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 18. október 2012 í máli nr. 673/2011 og fyrrgreindan dóm Hæstaréttar í máli nr. 38/2021. Í þessum efnum skal þess loks getið að sjónarmið um samhengi ummællanna umrætt sinn hrófla ekki við þessari niðurstöðu. Nægir þar að nefna að dómurinn fellst, eins og nánar er rakið hér á eftir, á kröfu stefnanda um ómerkingu orða innan næstu setningar í sömu bloggfærslu. Þau orð teljast þar með dauð og ómerk og hafa því takmarkaða þýðingu við mat á ummælum í fyrri hluta 1. töluliðar kröfugerðar stefnanda sem geta staðið áfram óhöggud.

Sambærileg sjónarmið og rakin eru hér að framan eiga við um fjórðu ummælin sem birtast í 5. tölulið kröfugerðar stefnanda, enda er þar um að ræða fremur óljósar vangaveltur stefnda, sem bundnar eru fyrirvörum, sem einkum lúta að því hvernig dómstólar kynnu að meta álitaefni um sönnun „ef“ tiltekin samskipti blaðamannanna væru fyrir hendi. Verða þau ummæli, sem teljast til gildisdóms, því ekki ómerkt.

Í síðari hluta 1. töluliðar kröfugerðar stefnanda er vísað til ummæla stefnda um að stefnandi eigi „aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans“. Að mati dómsins ber að fallast á það með stefnanda að þarna sé staðhæft að stefnandi hafi framið refsiverðan verknað, ýmist sem beinn gerandi eða sem hlutdeildarmaður. Stefndi nýtur stöðu sakbornings í fyrrgreindu sakamáli þar sem hann liggur undir grun lögreglu um að hafa hugsanlega brotið gegn 228. gr. og/eða 229. gr. almennra hegningarlaga, en staðhæfing stefnda er mun víðtækari og miðar við að stefnandi hafi gerst sekur um fleiri og á köflum veigameiri refsiverð brot, sbr. 217. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga og jafnvel 244. gr., sbr. þó 243. gr., sömu laga. Um er að ræða staðhæfingu um staðreynd en ekki gildisdóm af hálfu stefnda og gildir þá einu þótt lagður sé rúmur skilningur í hugtakið gildisdóm. Hvorki málgögn né framburður vitnisins Páls Steingrímssonar fyrir dómi renna stöðum undir staðhæfingu

stefnda. Hefur stefnda því að mati dómsins ekki tekist sönnun þess að staðhæfingin sé rétt og telur dómurinn ekki unnt að líta svo á að stefndi hafi mátt vera í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna þegar hann birti þau opinberlega á bloggsíðu sinni. Enda þótt stefnandi sé verðlaunablaðamaður og þjóðþekktur vegna starfa sinna þýðir það ekki að hann þurfi að þola að vera sakaður opinberlega um alvarlegt refsivert brot án þess að réttmætt tilefni hafi verið til að setja fram slíkar staðhæfingar. Breytir engu í því efni þótt ummælin sem um ræðir hafi fallið í umræðu um mikilvægt þjóðfélagsmálefni en stefnda var í lófa lagið að tjá sig með öðrum og hófstílltari hætti. Að öllu þessu virtu ber að fallast á það með stefnanda að ummælin hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr., sbr. 236. gr., almennra hegningarlaga og að með þeim hafi verið vegið að persónu stefnanda og æru, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ummælin voru jafnframt óviðurkvæmleg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og verða ómerkt.

Öll sömu sjónarmið eiga við um ummæli stefnda sem tiltekin eru í 2. tölulið kröfugerðar stefnanda, þ.e.: „Leikritið um að Aðalsteinn ynni á Stundinni, en ekki RÚV, var hluti af samráði um að byrja og stela til að ná í fréttir.“ Hið sama á jafnframt við um önnur og þriðju ummælin sem tekin eru upp í 3. tölulið kröfugerðar stefnanda, þ.e. „Aðalsteinn var sendur á Stundina til að taka við þýfinu og koma í umferð“ og ummælin „Engin rannsóknarvinna fór fram, aðeins byrlun og stuldur“. Þá á hið sama einnig við um ummæli í síðari hluta 4. töluliðar kröfugerðar stefnanda, sem báru með sér að stefnandi og aðrir blaðamenn hefðu fengið veika konu til „að byrja Páli, stela síma hans á meðan skipstjórinn var í öndunarvél og færa blaðamönnum sem biðu ránsfengsins á Efstaleiti“. Jafnframt á hið sama við um fyrstu þrenn ummælin sem birtast í 5. tölulið kröfugerðar stefnanda, en þau miðuðu í fyrsta lagi við að nýr „vitnisburður, og gögn“ sýndu fram á að „blaðamennirnir“, en stefndi mótmælir því sem fyrr segir ekki í greinargerð sinni að þar hafi hann meðal annars átt við stefnanda, „hafi tekið þátt í að skipuleggja byrlunina, verið með í ráðum þegar í upphafi“, í öðru lagi að tölvupóstur „sem staðfesta aðild blaðamanna að undirbúningi tilræðisins“ séu ekki lengur til þar sem þeim hafi verið eytt og í þriðja lagi: „En það bráðlá á að Aðalsteinn færi yfir á Stundina til að vinna úr stolnum gögnum er kæmu á RÚV. Þá átti bara eftir að byrja skipstjóranum og stela síma hans þegar Aðalsteinn flutti blaðamennsku sína af RÚV yfir á Stundina.“ Hið sama á jafnframt við um önnur og þriðju ummælin í 6. tölulið kröfugerðar stefnanda, þ.e. ummælin um að rök stæðu til þess að „blaðamenn“, þar á meðal stefnandi, hefðu „skipulagt byrlun gagnert til að komast yfir síma skipstjórans“, sem og ummælin um að þeir hefðu notað tímann til að „hylja slóðina, eyða gögnum“. Hið sama á einnig við um ummælin í 7. tölulið kröfugerðar stefnanda, en þar er í framhaldi af umfjöllun um þjófnað á síma Páls Steingrímssonar tekið fram að „blaðamennirnir“ hefðu verið „vel meðvitaðir um að hafa framið alvarlegt lögbrot“ og

að þeir hefðu kappkostað að „eyða sönnunargögnum“, sbr. einnig ummælin: „Blaðamenn RSK-miðla nýttu sér yfirburða stöðu sína og virðast hafa haft öll ráð veiku konunnar í hendi sér.“ Síðastnefnd ummæli eru enda í ætt við fyrri staðhæfingu stefnda um að blaðamenn hefðu fengið veika konu til að byrja Páli, stela síma hans og færa blaðamönnunum. Loks á hið sama við um ummæli í 8. tölulið kröfugerðar stefnanda, en þar hafði stefndi vísað til þess að „RSK-miðlar“, en þar átti stefndi sem fyrr segir meðal annars við háttsemi stefnanda, hefðu nýtt sér skotleyfið áður en það var gefið út og misnotað andlega veika konu „til að byrja og stela“.

Verða öll þessi ummæli, sem jafnframt teljast óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, því ómerkt með sama rökstuðningi og áður greinir um ummæli stefnda í síðari hluta 1. töluliðar kröfugerðar stefnanda.

Hvað varðar fyrstu ummælin sem tekin eru upp í 3. tölulið kröfugerðar stefnanda, þ.e. um að stefnandi væri „þrautþjálfaður í blekkingum“, þá felst í þeim ærumeiðandi aðdróttun í skilningi 235. gr. almennra hegningarlaga. Staðhæfingin hefur ekki verið sönnuð af stefnda og telur dómurinn ekki unnt að leggja til grundvallar að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna er hann birti þau opinberlega, sbr. ákvæði 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin voru jafnframt óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og verða ómerkt.

Í fyrri hluta 4. töluliðar kröfugerðar stefnanda krefst hann ómerkingar eftirfarandi ummæla: „Fimm blaðamenn RÚV og Heimildarinnar, áður Stundin og Kjarninn, fá birta ákæru næstu tvær vikurnar vegna aðildar að byrlun, gagnastuldi, stafrænu kynferðisofbeldi og broti á friðhelgi tveggja starfsmanna Samherja, Páls Steingrímssonar og Örnú McClure. Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari lögreglunnar á Norðurlandi eystra staðfesti í viðtali við danska blaðamanninn Lasse Skytt að ákæru yrðu birtar fyrir lok mánaðar.“

Eins og áður segir mótmælir stefndi því ekki í greinargerð sinni að tilvísun til blaðamanna eigi þarna meðal annars við um stefnanda sjálfan. Ummælin voru fyrirvaralaus og gáfu lesendum til kynna að ákærvaldið teldi forsendur fyrir sakfellingu í máli stefnanda og að hann yrði fljótlega ákærður fyrir hlutdeild í refsiverðum verknaði sem var í senn alvarlegri og víðtækari en sú háttsemi sem stefnandi liggur í raun undir grun um að hafa sýnt af sér, sbr. fyrri umfjöllun dómsins um samanburð á þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem hér eiga við, þó þannig að hér bættust við ummæli um aðild að stafrænu kynferðisofbeldi sem ekki var að finna í staðhæfingunni í síðari hluta 1. töluliðar hér að framan. Staðhæfing stefnda reyndist röng, enda hefur engin slík ákæra verið gefin út á hendur stefnanda. Stefndi hefur hvorki lagt fram frétt blaðamannsins Lasse Skytt né leitt hann fyrir dóm. Að mati dómsins fólst ærumeiðandi aðdróttun í ummælunum, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga, og er ekki unnt að leggja til grundvallar að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi

ummælanna þegar hann birti þau opinberlega, sbr. 236. gr. sömu laga. Ummælin voru jafnframt óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og verða ómerkt.

Fyrstu ummælin í 6. tölulið kröfugerðar stefnanda, þ.e. um að það væri „þekkt staðreynd“ að stefnandi „var fluttur af RÚV á Stundina“ bera keim af fyrri umfjöllun stefnda um að það væri einhvers konar leikrit að stefnandi ynni á fjölmiðlinum Stundinni. Um er að ræða staðhæfingu sem gaf til kynna að starfslok stefnanda hjá RÚV hefðu verið óeðlileg og bar samhengi ummælanna með sér að sú breyting á starfsvettvangi væri liður í einhvers konar samsæri. Verður að telja ummælin fela í sér ærumeiðandi aðdróttun, sbr. 235. gr. almennra hegningarlaga. Staðhæfingin hefur ekki verið sönnuð af stefnda og telur dómurinn ekki unnt að leggja til grundvallar að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi ummælanna er hann birti þau opinberlega, sbr. ákvæði 236. gr. almennra hegningarlaga. Ummælin voru jafnframt óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og verða ómerkt.

## D

Með vísan til framangreinds fólst í birtingu þeirra ummæla, sem dómurinn hefur fallist á að verði ómerkt, ólögmat meingerð gegn friði, æru og persónu stefnanda samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993. Ber stefndi skaðabótaábyrgð á þeirri meingerð gagnvart stefnanda samkvæmt a-lið 1. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011. Aðalkrafa stefnanda um miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna er úr hófi að teknu tilliti til málsatvika og dómaframkvæmdar Hæstaréttar og Landsréttar. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta ber að líta til þess að stefndi staðhæfði ítrekað að stefnandi ætti aðild að framningu alvarlegra brota gegn almennum hegningarlögum, auk þess sem ummælin, einkum um ætlaðar blekkingar stefnanda og flutning hans frá RÚV yfir til Stundarinnar, grófu undan starfsheiðri hans. Þykja miskabætur hæfilega ákvarðaðar 450.000 krónur.

Málsaðila greinir á um kröfu stefnanda um dráttarvexti af dæmdum miskabótum. Í ljósi kröfubréfs stefnanda til stefnda, dags. 27. mars 2023, verður fallist á að dæmdar miskabætur beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 27. apríl 2023 til greiðsludags, enda var þá mánuður liðinn frá þeim degi er stefnandi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr. sömu laga, en ljóst er að einu ummælin sem stefndi birti eftir sendingu kröfubréfsins, og fallist er á hér að framan að skuli ómerkt, voru í reynd aðeins efnisleg endurtekning á fyrri ummælum stefnda sem birst höfðu 15. febrúar 2023 um að blaðamennirnir, þar á meðal stefnandi, hefðu fengið veika konu til að byrja Páli Steingrímssyni og stela síma hans.

Áður er rakið að málsaðilar deila ekki lengur um það að ábyrgðarreglur laga nr. 38/2011 gildi um bloggsíðu stefnda. Verður fallist á það með stefnanda að stefnda verði gert að birta IV. kafla þessa dóms í heild sinni ásamt dómsorði á vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson), sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 38/2011, innan 15 daga frá dómsuppsögu, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern dag sem ekki er orðið við birtingu, en þær þykja hæfilega ákveðnar 30.000 krónur á dag.

Eins og áður greinir mótmælir stefndi því ekki lengur, verði fallist á kröfur stefnanda um ómerkingu ummæla stefnda, að stefnda verði gert að fjarlægja þau ummæli af bloggsíðu sinni að viðlögðum dagsektum. Aftur á móti byggir hann á því að viðmið stefnanda um 50.000 króna dagsektir sé allt of hátt. Á grundvelli þessarar breyttu afstöðu stefnda og í ljósi framangreindrar niðurstöðu fellst dómurinn á að stefnda verði gert að fjarlægja af vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson) þau ummæli sem ómerkt eru með dómi þessum, að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar 30.000 krónur á dag að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu uns ummælin hafa verið fjarlægð.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 1.400.000 krónur í málskostnað, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Sigurður G. Guðjónsson lögmaður.

Réttargæslustefndi lét málið ekki til sín taka.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ómerkt eru eftirfarandi ummæli stefnda, Páls Vilhjálmssonar, sem birtust á vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson):

1. 2. apríl 2022:

- „...og Aðalsteinn Kjartansson á Stundinni eiga aðild, beina eða óbeina, að byrlun Páls skipstjóra Steingrímssonar og stuldi á síma hans.“

2. 25. ágúst 2022:

- „Leikritið um að Aðalsteinn ynni á Stundinni, en ekki RÚV, var hluti af samráði um að byrja og stela til að ná í fréttir.“

3. 28. október 2022:

- „Aðalsteinn er þrautþjálfaður í blekkingum.“

- „Aðalsteinn var sendur á Stundina til að taka við þýfinu og koma í umferð.“

- „Engin rannsóknarvinna fór fram, aðeins byrlun og stuldur.“

4. 15. febrúar 2023:

- „Fimm blaðamenn RÚV og Heimildarinnar, áður Stundin og Kjarninn, fá birta ákæru næstu tvær vikurnar vegna aðildar að byrlun, gagnastuldi, stafræna kynferðisofbeldi og broti á friðhelgi tveggja starfsmanna Samherja, Páls Steingrímssonar og Örnú McClure. Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari lögreglunnar á Norðurlandi eystra staðfesti í viðtali við danska blaðamanninn Lasse Skytt að ákæru yrðu birtar fyrir lok mánaðar.“

- „Sjötti sakborningurinn er veika konan sem blaðamennirnir fengu til að byrja Páli, stela síma hans á meðan skipstjórinn var í öndunarvél og færa blaðamönnum sem biðu ránsfengsins á Efstaleiti...“

5. 27. febrúar 2023:

- „Nýr vitnisburður, og gögn sem styðja þá frásögn, sýna fram á að blaðamennirnir hafi tekið þátt í að skipuleggja byrlunina, verið með í ráðum þegar í upphafi.“

- „Tölvupóstur sem staðfesta aðild blaðamanna að undirbúningi tilræðisins eru ekki lengur til. Þeim var eytt.“

- „En það bráðlá á að Aðalsteinn færi yfir á Stundina til að vinna úr stolnum gögnum er kæmu á RÚV. Þá átti bara eftir að byrja skipstjóranum og stela síma hans þegar Aðalsteinn flutti blaðamennsku sína af RÚV yfir á Stundina.“

6. 21. mars 2023:

- „Það er einnig þekkt staðreynd að varaformaður BÍ, Aðalsteinn Kjartansson, var fluttur af RÚV á Stundina...“

- „Rök standa til að blaðamenn hafi skipulagt byrlun gagnert til að komast yfir síma skipstjórans.“

- „Tímenn notuðu þeir til að hylja slóðina, eyða gögnum.“

7. 22. mars 2023:

- „Blaðamennirnir voru vel meðvitaðir um að hafa framið alvarlegt lögbrot og kappkostuðu að eyða sönnunargögnum.“

- „Blaðamenn RSK-miðla nýttu sér yfirburða stöðu sína og virðast hafa haft öll ráð veiku konunnar í hendi sér.“

8. 14. apríl 2023:

- „RSK-miðlar nýttu sér skotleyfið áður en það var gefið út. Þeir misnotuðu andlega veika konu til að byrja og stela.“

Stefndi fjarlægi af vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson) þau ummæli sem ómerkt eru með dómi þessum innan 15 daga frá dómsuppsögu, að viðlögðum dagsektum að fjárhæð 30.000 krónur á dag uns ummælin hafa verið fjarlægð.

Stefndi birti IV. kafla þessa dóms í heild sinni ásamt dómsorði á vefsíðunni [https://pallvil.blog.is/blog/pall\\_vilhjalmsson](https://pallvil.blog.is/blog/pall_vilhjalmsson) innan 15 daga frá dómsuppsögu, að

viðlögðum dagsektum að fjárhæð 30.000 krónur fyrir hvern dag sem ekki er orðið við birtingu.

Stefndi greiði stefnanda, Aðalsteini Kjartanssyni, 450.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. apríl 2023 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.400.000 krónur í málskostnað.

Arnaldur Hjartarson